

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um sjúkraflutninga.

1. *Er unnið að heildarendurskoðun sjúkraflutninga í landinu og ef svo er, hver er aðkoma fag- og stéttarfélags sjúkraflutningamanna að málinu? Hafa fundir verið haldnir og þá hve margir? Er unnið eftir ákveðinni stefnumörkun og ef svo er, hver er hún?*

Í ráðuneytinu er unnið að heildarendurskoðun á skipulagi sjúkraflutninga í landinu. Við stefnumótun er meðal annars höfð til hliðsjónar skýrsla starfshóps um sjúkraflutninga á Íslandi sem lögð var fyrir þáverandi heilbrigðisráðherra í janúar 2008. Mörg af þeim atriðum sem þar komu fram munu nýtast vel við að þróa skipulag sjúkraflutninga en mikilvægt er þó að áréttu að skýrslan er ekki stefnumótun í sjálfu sér.

Frá þessu var greint í ávarpi fulltrúa heilbrigðisráðherra við setningu 13. þings Landsambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna í Reykjavík 16. apríl síðastliðinn. Þar kom skýrt fram að samráð yrði haft við landssambandið um framvindu mála. Ekki er enn komið að því að boða til formlegra funda en við mótun stefnu í sjúkraflutningum gilda að sjálfsögðu sömu lögmál og um aðra heilbrigðisþjónustu á Íslandi: Hún á að vera eins góð og frekast er unnt að hafa hana miðað við þær aðstæður sem við búum við hverju sinni. Það þýðir að þjónustan á að vera örugg, markviss, skilvirk og tímanleg. Þjónustan á að vera aðgengileg og allir að hafa að henni jafnan aðgang. Umfram allt á þjónustan að miðast við þarfir sjúklinga.

2. *Hve miklum fjármunum, í heild, var varið árlega til sjúkraflutninga árin 2006–2010? Hver er kostnaður við sjúkraflutninga á eftirtöldum stöðum á sama tímabili: Árborg, Akureyri, Suðurnesjum, Ísafirði og Húsavík? Svar óskast sundurliðað eftir árum (áætlað 2010).*

Eftirfarandi tafla sýnir útgjöld vegna sjúkraflutninga á árunum 2006–2009 í þús. kr. Upplýsingar um útgjöld á árinu 2010 liggja ekki fyrir.

	2006	2007	2008	2009
Sjúkrabíll	498.538	513.468	589.685	667.108
Sjúkraflug	215.581	206.461	254.996	242.085
Samtals	714.119	719.929	844.681	909.193

Eftirfarandi tafla sýnir útgjöld vegna sjúkraflutninga á Suðurlandi, Akureyri, Suðurnesjum, Vestfjörðum og Húsavík á árunum 2006–2009 í þús. kr. Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík og Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ voru sameinaðar í Heilbrigðisstofnun Vestfjarða í upphafi árs 2009.

	2006	2007	2008	2009
Suðurland -Selfoss	75.667	91.703	110.009	132.824
Suðurland - Selfoss, samningur	52.000			
Suðurland - Klaustur, Vík og Rangárbíng	27.139	35.916	37.580	40.251
Suðurland, samtals	154.807	127.619	147.589	173.076
Samningur um sjúkraflutninga - Akureyri	52.600	54.400	70.000	70.000
Akureyri, samtals	52.600	54.400	70.000	70.000
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	12.200	15.200	16.900	17.100
Samningur um sjúkraflutninga - Suðurnes	45.100	49.500	70.000	70.000
Suðurnes, samtals	57.300	64.700	86.900	87.100
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	15.462	21.456	21.993	21.737
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	25.915	26.009	29.361	28.943

3. *Eru sjúkralíðar á öllu landinu mannaðir tveimur sjúkraflutningamönnum? Hvaða staðlar gílda um sjúkraflutninga og telur ráðherra að þeim sé fylgt í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið?*

Evrópskir staðar hafa ekki reglugerðarígildi í þessum efnunum hér á landi og er því ekki fylgt bókstaflega. Hins vegar eru þeir viðmið sem stefnt er að því að uppfylla og kemur það fram í ýtarlegri kröfulýsingu heilbrigðisráðuneytisins sem unnið er eftir við sjúkraflutninga. Í samræmi við kröfulýsinguna eru sjúkralíðar víðast hvar á landinu mannaðir með tveimur sjúkraflutningamönnum. Frá því er þó heimilt að víkja samkvæmt kröfulýsingunni og manna bíl með sjúkraflutningamanni og öðrum heilbrigðisstarfsmanni, gjarnan lækni eða hjúkrunarfræðingi.

4. *Hver er stefna ráðherra varðandi útboð á sjúkraflutningum? Er unnið að slíku útboði í ráðuneytinu?*

Í lögum um sjúkratryggingar eru heimildir til útboðs, m.a. á sjúkraflutningum, sem hafa verið nýttar á undanförunum árum. Ekki er fyrirhugað af hálfu ráðherra að leggja til breytingar á þeim lagaheimildum. Nýlega var gerður samningur um sjúkraflutninga við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og gildir hann til 31. desember 2011. Ekki er unnið að gerð útboðs á sjúkraflutningum í ráðuneytinu um þessar mundir.